

Fiskakletti í Skiphól, hvort heldur er innýfli, hausar eða hryggir úr fiski, heldur **142** skal þeim skylt að flytja slíkan úrgang út fyrir umgetna línu, ef hann ekki er 8. des. hagnýttur á annan hátt.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. janúar 1909 og skal endurskoðað fyrir 1. janúar 1916.

Í stjórnarráði Íslands, 8. desember 1908.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Reglugjörð

143
10. des.

um útflutning hrossa.

1. grein.

Öll skip, sem flytja hross frá Íslandi til útlanda, skulu fullnægja þeim fyrirmælum um umbúnað hrossanna, sem sett eru með reglugjörð þessari.

Sje um önnur skip að ræða en þau, sem ganga eftir fastri áætlun milli Íslands og útlanda, skal skipstjóri skýra lögreglustjóra skriflega frá, til hvers skipið hafi áður verið notað, og hafi það verið notað til hrossaflutnings annarsstaðar en frá Íslandi, skal sóttreinsa það á kostnað skipseiganda, ef þörf þykir. Ekki má flytja á sama skipi samtímis hesta frá öðrum höfnum en á Íslandi.

2. grein.

Hross má ekki flytja á þilfari frá Íslandi til annara landa á öðrum tíma árs en frá miðjum júní til ágústmánaðarloka.

3. grein.

Hrossin skal hafa í stíum svo traustgjörðum, að ekki bili, þótt þeir hestar, sem í eru, kastist í sjógangi á veggina. Breidd stíanna sje lítið eitt meiri en hestlengdin og jötubreidd til samans; lengdin sje 6 álnir. Í hverri stíu mega ekki vera fleiri en 6 hross og skal hvert um sig bundið traustlega með múlbandi.

143 Á stiugólf og gangrúm, sem hross eru leidd um, skal negla lista eða strá 10. des. hálmur eða sandi eða öðru efni, er gjörir gólfinn ósleip.

Milli hverra tveggja raða af hestum og framan við hverja einstaka röð skal vera gangur, er að minsta kosti sje 18 þuml. á breidd, og má þann gang aldrei teppa. Þeim megin í stíunum, sem að ganginum veit, skulu útbúnar jötur fyrir hrossin og skal eitt fast vatnsilát vera milli hverra tveggja hrossa. Við útbúnað stianna skál gæta þess, að hvergi sjeu útstandandi naglar eða annað, sem valdið geti meiðslum á hrossunum.

4. grein.

Þegar hross eru flutt undir þilfari skal sjá fyrir góðri loftræsing, þannig, að auðvelt sje að hleypa vondu lofti út og góðu lofti inn eftir þörfum. Birta skal og vera svo góð, sem ástæður frekast leyfa.

5. grein.

Á hverju skipi, sem flytur hross til útlanda, skal vera nægur mannaþi til að gæta hrossanna, gefa þeim og vatna. Hrossunum skal ætla nægilegt fóður og vatn á leiðinni og má fóður ekki vera minna en 10 pund af góðu heyi á dag fyrir hvert hross, miðað við áætlun skipsins, eða sem því svarar af öðru fóðri. Hverju hrossi skulu ætlaðir 10 pottar af góðu vatni á dag.

6. grein.

Eftir hverja ferð með hrossafarm til útlanda skal sá, sem sendir, eða umboðsmaður hans hjerlendur, skýra stjórnarráðinu frá, hvort nokkuð af hrossunum hefir misfarist á leiðinni, og ef svo er, þá að svo miklu leyti sem hægt er, af hverjum orsökum.

7. grein.

Brot út af reglugjörð þessari varða sektum frá 10 til 1000 kr., er renna í landssjóð. Mál út af brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

Framanskráð reglugjörð er hjer með útgefið samkvæmt 4. gr. laga nr. 73 frá 22. nóvember 1907 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands 10. desember 1908.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.